

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/1042****2015/EES/74/74****frá 30. júní 2015****um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 250/2009 um framkvæmd reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja að því
er varðar aðlögun á tæknilegu sniði í kjölfar endurskoðunar á vöruflokkun eftir
atvinnugreinum (CPA) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 frá 11. mars 2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 11. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 295/2008 er komið á fót sameiginlegum ramma um söfnun, afhendingu og mat á evrópskum hagskýrslum um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í Sambandinu.
- 2) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 451/2008⁽²⁾ er komið á fót vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) til að uppfylla kröfur er varða hagskýrslur í Sambandinu.
- 3) Í II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 250/2009 ⁽³⁾ er tilgreint tæknisnið og merkimiðar fyrir ákveðnar vörur sem á að afhenda um gögnin, sem byggjast á vöruflokkun eftir atvinnugreinum.
- 4) Nauðsynlegt er, í kjölfar gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1209/2014 ⁽⁴⁾, að samþykkja II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 250/2009 að því er varðar merkimiða fyrir ákveðnar vörur sem á að afhenda um gögnin, sem byggjast á vöruflokkun eftir atvinnugreinum til að viðhalda samanburðarhæfi og samkvæmni með vöruflokkunarstöðlum sem notaðir eru á alþjóðavísu.
- 5) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 250/2009 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrsluferfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 250/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 167, 1.7.2015, bls. 61. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 287/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 13.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 451/2008 frá 23. apríl 2008 um að koma á fót nýrri vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93 (Stjtið. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 65).

⁽³⁾ Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 250/2009 frá 11. mars 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar skilgreiningar á könnunatriðum, tæknilegt snið gagnasendinga, kröfur um tvöfalda skýrslugjöf fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endursk. 1.1 og atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., og undanþágur sem ber að veita vegna hagskýrslna um skipulag fyrirtækja (Stjtið. ESB. L 86, 31.3.2009, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1209/2014 frá 29. október 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 451/2008 frá 23. apríl 2008 um að koma á fót nýrri vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93 (Stjtið. ESB L 336, 22.11.2014, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 250/2009 er breytt sem hér segir:

1. Í lið 4.2, „Hagskýrslusvæði“, kemur „EL“ í staðinn fyrir kóðann „GR“ fyrir Grikkland
 2. Í lið 4.9, „Einingar gagnagilda“, er nýrri einingu, „fermetrar“, bætt við kóðann „M2“ í töflunni.
 3. Í lið 4.10, „Sundurliðun eftir vöru og þjónustu“, eru eftirfarandi breytingar gerðar á töflunni:
 - a) fyrir vöruna með kóðann 63 12 kemur merkimiðinn „Vefgáttaþjónusta“ í stað „Vefgáttainnihald“.
 - b) fyrir vöruna með kóðann 73 11 13 kemur merkimiðinn „Þjónusta, tengd þróun auglýsingahugmynda“ í stað „Auglýsingahönnun og hugmyndaþróun“
 - c) færslan fyrir vöruna með kóðann 70 22 4, „Vörumerki og sérleyfi“, fellur brott.
 - d) fyrir vöruna með kóðann 71 11 24 kemur merkimiðinn „Ráðgjafarþjónusta arkitekta sem varðar byggingarverkefni“ í stað „Ráðgjafarþjónusta arkitekta“
-